



Mánaðamót

2. júní 2025

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – júní 2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2	Verðbólga á evrusvæðinu 3	Fundargerð peningastefnunefundar (SÍ) 4	Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á 1F (SÍ) Vaxtaákv. hjá Seðlabanka Evrópu 5	Atvinnuleysi í Bandaríkjunum 6
9	Skráð atvinnuleysi í maí (VMST) 10	Brottfarir um Keflavíkurfl. í maí (FMST) Verðbólga í Bandaríkjunum 11	12	13
Greiðslumiðlun í maí (SÍ) 16	Vísitala íbúðaverðs í maí (HMS) 17	Vísitala leiguverðs í maí (HMS) Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum Verðbólga í Bretlandi 18	Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS) Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka 19	20
Vísitala launa f. maí (HAG) 23	24	Velta skv. VSK-skýrslum mar.-apr. (HAG) 25	Gistinætur í maí (HAG) Hagar birta uppgjör 26	Vísitala neysluverðs í júní (HAG) Hagvísar (SÍ) 27
30				




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,20% á milli mánaða í maí. Ársverðbólga minnkaði úr 4,2% í 3,8%, en við spáðum 3,9% verðbólgu. Verðbólga er aftur komin niður fyrir efri vikmörk verðbólguþröngunar SÍ. Verðbólga án húsnæðis minnkaði í maí og það sama má segja um árshækkun allra þriggja kjarnavísitalnanna, sem bendir til þess að undirliggjandi verðbólguþrýstingur hafi minnkað.


Vísitala neysluverðs

Breyting á milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting á milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Flugfargjöld til útlanda lækkuðu meira í maí en við bjuggumst við, en liðurinn lækkaði um 7,3% en ekki 1,1% eins og við höfðum spáð. Verð á póst- og símapjónustu hækkaði nokkuð óvænt um 3,5%, sem skýrist helst af töluverðri verðhækkun á internetþjónustu í mánuðinum. Föt og skór hækkuðu um 1,1% á milli mánaða (0,04% áhrif), en við höfðum spáð 0,7% hækkun. Verð á fötum og skóm er enn lægra en það var fyrir útsölur í janúar og almennt hefur verðþrýstingur á innfluttum vörum minnkað, líklega ekki síst vegna gengisstyrkingar. Við gerum nú ráð fyrir að verð á fötum og skóm hækki rólega fram að sumarútsölum.

Framlag undirliða í maí



Maímælingar VNV

Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Hjöðnun verðbólgu í maí skýrist að stærstum hluta af minnkandi framlagi verðs á innfluttum vörum til ársverðbólgu, sérstaklega húsgögnum, heimilisbúnaði og bílum. Þá dró einnig úr framlagi flugfargjalda til ársverðbólgu, en það jókst líka töluvert í apríl þegar flugfargjöld hækkuðu vegna aukinnar eftirspurnar í kringum páska. Framlag húsnæðisliðarins hélst nánast óbreytt á milli mánaða.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting á milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.


Heimild: Hagstofa Íslands

Horfur næstu mánuði

Við gerum ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 0,60% í júní, 0,21% í júlí og 0,28% í ágúst. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 3,9% júní, 3,6% í júlí og 3,8% í ágúst. Við teljum horfur á lítillega minni verðbólgu en við spáðum í verðkönnunarvikunni í apríl þegar við spáðum 4,0% verðbólgu í júní, 3,7% í júlí og 3,9% í ágúst. Munurinn á spánum skýrist að mestu af því að verðbólga í maí var örlítið minni en við bjuggumst við.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða



Verðbólguþspá

Ársverðbólga




Stýrivextir

Peningastefnunefnd lækkaði vexti Seðlabankans um 0,25 prósentustig þann 21. maí. Allir nefndarmenn studdu ákvörðunina. Meginvextir bankans, vextir á 7 daga bundnum innlánum, eru 7,5% eftir ákvörðunina. Samkvæmt yfirlýsingu sem gefin var út samhliða ákvörðuninni telur nefndin þær aðstæður ekki hafa skapast að hægt sé að slaka á núverandi raunvaxtaaðhaldi. Þá segir að frekari skref til lækkunar vaxta séu háð því að verðbólga færist nær 2,5% markmiði bankans. Næsta vaxtaákvörðun verður kynnt miðvikudaginn 20. ágúst.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar


Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP,HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			-0,25%	7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			-0,25%	7,50%
20. ágú. 2025						
8. okt. 2025						
19. nóv. 2025						

Meginvextir Seðlabanka Íslands



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði


Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði lækkaði lítillega í maí, hvort sem horft er á það til tveggja ára, fimm ára eða tíu ára. Það lækkaði mun minna til tíu ára en til fimm ára og því hækkaði álagið til fimm ára eftir fimm ár. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði ætti að gefa hugmynd um verðbólguvæntingar á markaðnum, en einnig spilar inn í áhættuálag sem kann hafa aukist að undanfögnu með aukinni óvissu um alþjóðaviðskipti og hefur haldið verðbólguálaginu ofar en ella.




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar hefur haldist nokkuð stöðugt rétt undir 4% síðan í nóvember í fyrra, þrátt fyrir að verðbólga hafi hjaðnað. Aðhald peningastefnu miðað við liðna verðbólgu hefur haldist nokkuð stöðugt á þessu tímabili, en ef miðað er við verðbólguvæntingar hefur slaknað á aðhaldinu. Raunstýrivextir út frá liðinni verðbólgu voru lítillega hærri í maí en í apríl, en út frá meðaltali helstu mælinga á verðbólguvæntingum voru raunstýrivextir aðeins lægri í maí en apríl.

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,45% á milli mánaða í apríl. Hækkunin í apríl var drifin áfram af verðhækkun á sérbýli á höfuðborgarsvæðinu og fjölbýli á landsbyggðinni. Verð á fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu var óbreytt á milli mánaða, samkvæmt vísitölu HMS, og fjölbýli á landsbyggðinni lækkaði í verði. Árshækkun vísitölunnar minnkaði úr 8,0% í 7,6% og er áfram þó nokkuð umfram hækkun á almennu verðlagi. Alls var 891 kaupsamningur um íbúðarhúsnæði undirritaður í apríl sem er töluverð fækkun frá því í mars.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu



Verg landsframleiðsla


Landsframleiðsla jókst um 2,6% á milli ára á fyrsta ársfjórðungi. Hagvöxtinn má einkum rekja til aukinnar atvinnuvegafjárfestingar, aðallega í tengslum við uppbyggingu á gagnaverum. Uppbygging á gagnaverum kallar á töluverðan innflutning sem kemur til frádráttar í hagvexti. Fjárfesting í íbúðauppbýggingu og einkaneysla jókst einnig á milli ára. Landsmenn voru 1,4% fleiri á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en þess síðasta og því mældist ekki aðeins hagvöxtur í heild heldur einnig á mann, um 1,2%.

Breyting á milli ára ásamt framlagi helstu undirliða




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,9% í apríl og minnkaði úr 4,2% frá því í mars. Atvinnuleysi minnkar almennt á milli mánaða með vorinu. Atvinnuleysi var 0,3 prósentustigum meira en í sama mánuði árið áður. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 3,3% apríl.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Greiðslukortavelta heimila jókst um 9,4% á milli ára í apríl, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Sem fyrr jókst kortavelta erlendis (+32,8% á milli ára) mun meira en kortavelta innanlands (+3,5% á milli ára). Þótt kortavelta erlendis hafi aukist af krafti jókst hún hlutfallslega minna en sem nemur fjölgun utanlandsferða Íslendinga. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu fóru Íslendingar í 80% fleiri utanlandsferðir í apríl sl. en í apríl í fyrra og hafa aldrei farið jafnmargar utanlandsferðir í einum mánuði.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu einungis 0,4 mö.kr. í apríl. Hrein ný verðtryggð lán námu 8,0 mö.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum var 7,6 ma.kr. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í apríl verða birt föstudaginn 6. júní.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Vöru- og þjónustujöfnuður við útlönd var neikvæður um 65,5 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Hallinn er 29,4 mö.kr. meiri en á fyrsta ársfjórðungi 2024 þegar hann nam 36,1 ma.kr. Aukinn halli skýrist af meiri halla á vöruskiptajöfnuði, að miklu leyti vegna aukins innflutnings á tölum í tengslum við uppbyggingu á gagnaverum. Þjónustujöfnuður breyttist lítið á milli ára.




Staðan í ferðapjónustu

Rúmlega 146 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í apríl, 6,5% fleiri en í apríl í fyrra. Það sem af er ári hafa brottfarir erlendra ferðamanna verið 5,2% færri en á sama tímabili í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis jókst um 0,6% á milli ára á föstu verðlagi og um 1,6% á föstu gengi.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti bæði evru og Bandaríkjadal í maí. Í lok maí stóð evran í 144,2 í stað 145,9 í lok apríl (-1,7 króna) og Bandaríkjadalur stóð í 127,7 í stað 128,3 í lok apríl (-1,1 króna). Hluta styrkingarinnar í maí má rekja til kaupa vísitölusjóða á hlutabréfum í Íslandsbanka í kjölfar þess að ríkið seldi sinn hlut í bankanum.




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Fyrir utan regluleg kaup á gjaldeyri sem nema 3 milljónum evra tvisvar í viku, greip Seðlabankinn ekki inn á gjaldeyrismarkað í maí. Lífeyrissjóðir keyptu erlendan gjaldeyri fyrir 10,9 ma.kr. (nettó) á fyrstu fjórum mánuðum ársins, sem er mun minna en síðustu ár. Minni umsvif lífeyrissjóða á gjaldeyrismarkaði á árinu skýrast af því að þeir fengu gjaldeyri í gegnum kaup JBT á Marel og mega búast við meiri gjaldeyri í tengslum við slit ÍL-sjóðs.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfur Greiningardeildar í maí

- 2. maí: Hagsjá: Leiguverð á hraðari uppleið en kaupverð undanfarið
- 7. maí: Hagsjá: Stór hluti íslensks vöruútflutnings til Bandaríkjanna undanþeginn tollum
- 15. maí: Hagsjá: Spáum óbreyttum vöxtum í næstu viku
- 16. maí: Hagsjá: Íslendingar á faraldsfæti og kortavelta erlendis aldrei meiri
- 22. maí: Hagsjá: Íbúðaverð heldur áfram að hækka þótt hægi á
- 27. maí: Hagsjá: Launavísitalan hækkað um 8,2% á einu ári
- 28. maí: Hagsjá: Verðbólga hjaðnar og mælist 3,8%
- 30. maí: Hagsjá: 2,6% hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi en samdráttur í fyrra

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).